



4. mars 1991

REYKJAVÍK,

Alþingi

Erindi nr. P 1131823

komudagur 7/3 1991

Formaður þingfl. Framsóknarflokks
hr. Páll Pétursson
Alþingi
150 Reykjavík


Eftirfarandi ályktun Búnaðarþings 1991, um ERINDI BÚNAÐARSAMBANDS
SUÐURLANDS VARÐANDI FJÁRFESTINGAR ÚTLENDINGA Í ÍSLENSKUM ATVINNUVEGUM, sendist
yður hér með að ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

"Búnaðarþing beinir þeirri eindregnu áskorun til Alþingis, að við lögfestingu á
frumvarpi til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, að hvergi verði slakað á
þeim takmörkunum sem 4. gr. frumvarpsins kveður á um varðandi þessa fjárfestingu.

Sama gildir um 8. gr. frumvarps til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða
fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri o.fl. sem kveður á um breytingu á lögum um
eignarétt og afnotarétt fasteigna nr 19, 6. apríl 1966.

Jafnframt skorar Búnaðarþing á ríkisstjórn og Alþingi að gera skilyrðislaust þann
fyrirvara í viðræðum EB og EFTA ríkjanna um Evrópska efnahagssvæðið, hvað varðar
fjárfestingar yfir landamæri, að heimild til fjárfestinga erlendra aðila í fasteignum gangi
ekki lengra en kveðið er á um í framangreindum frumvörpum."

Virðingarfyllst,



Jónas Jónsson

JJ/ák

Ályktunin send:
Forsætisráðherra
Utanríkisráðherra
Formönnum þingflokka